



## Dagskrá 12. fundar stjórnar SSA 6. september 2018

Fundurinn hófst kl. 18:00 á Hallormsstað.

Í upphafi fundar var boðið upp á kvöldverð.

Mættir voru stjórnarmennirnir Sigrún Blöndal, Andrés Skúlason, Hákon Hansson, Margrét Guðjónsdóttir, Stefán Grímur Rafnsson. Eyðís Ásbjörnsdóttir og Jens Garðar Helgason. Jóney Jónsdóttir verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sat fundinn og ritaði fundargerð.

Sigrún Blöndal formaður stýrði fundi. Hún setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 11. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 139), SASS (535), SSS (734), Eyþings (307), SSNV (frá 15. ágúst og 21. ágúst) og SSH (459).
- 1.3. Fundargerð 45. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 4. júní 2018.
- 1.4. Dagskrá landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.-28. september.
- 1.5. Dagskrá fyrirtækjasýningar Færeyinga 18. september.
- 1.6. Boðskort og dagskrá BRAS – menningarhátíðar barna og ungmenna á Austurlandi sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands.
- 1.7. Austfirskt fullveldi, áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands, heimasíða og dagskrá.
- 1.8. Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál 20. september.
- 1.9. Skipulagsdagurinn 2018, dagsetning og upplýsingar lagðar fram til kynningar.
- 1.10. Byggðaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.-17. okt. 2018.

### 2. Almenningsamgöngur

- 2.1. Fundargerð SvAust frá 30. ágúst lögð fram til kynningar.
- 2.2. Dómsmál við Sternu.
- 2.3. Bréf sem stjórn Eyþings sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagt fram til kynningar.

### 3. Aðalfundur 2018

Undirbúningur aðalfundar SSA 2018.

### 4. Önnur mál.

- 4.1. Formaður og verkefnastjóri segja frá náms- og atvinnulífsskynningu sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands og Ungt Austurland til að framkvæmdi.

#### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 11. fundi stjórnar SSA 2017-2018 var lögð fram til staðfestingar.
-

- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 139), SASS (535), SSS (734), Eyþings (307), SSNV (frá 15. ágúst og 21. ágúst) og SSH (459) voru lagðar fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerð 45. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 4. júní 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Dagskrá landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.-28. september var lögð fram til kynningar. Formaður SSA og verkefnastjóri munu sækja þingið
- 1.5 Dagskrá fyrirtækjasýningar Færeyinga 18. september var lögð fram til kynningar.
- 1.6 Boðskort og dagskrá BRAS – menningarhátíðar barna og ungmenna á Austurlandi sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands lögð fram til kynningar. Setning verður laugardaginn 8. september á þremur stöðum á Austurlandi. Stjórn fagnar góðu framtaki og metnaðarfullri dagskrá.
- 1.7 Austfirskt fullveldi, áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands, heimasíða og dagskrá lögð fram til kynningar. Verkefnið er yfirgripsmikið og stjórn hvetur íbúa Austurlands til að sækja viðburði og hátíðardagskrá.
- 1.8 Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál 20. september, upplýsingar lagðar fram til kynningar.
- 1.9 Skipulagsdagurinn 2018, dagsetning og upplýsingar lagðar fram til kynningar.
- 1.10 Byggðaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.-17. okt. 2018. Stjórn vísar málinu til nýrrar stjórnar.

## **2 Almenningsamgöngur**

- 2.1 Fundargerð SvAust frá 30. ágúst var lögð fram til kynningar.
- 2.2 Dómsmál við Sternu kynnt en nú hafa verið til kvaddir matsmenn og aftur verður unnið mat um málið.
- 2.3 Bréf sem stjórn Eyþings sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra var lagt fram til kynningar. Ákveðið var að verkefnastjóri geri drög að bréfi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna samninga um almenningsamgöngur og samninga við akstursaðila sem eru í uppnámi og leggi fyrir nýja stjórn. Afrit bréfsins verður sent til þingmanna kjördæmisins.

## **3 Aðalfundur 2018**

Rætt um fyrirkomulag aðalfundarins og hann undirbúinn.

## **4 Önnur mál.**

- 4.1 Formaður og verkefnastjóri sögðu frá náms- og atvinnulífskynningu sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands og Ungt Austurland framkvæmdi 1. september sl. Stjórnin þakkar Ungu Austurlandi fyrir frábært framtak og vonar að samtökin haldi áfram öflugum og góðu starfi.
- 4.2 Verkefnastjóri sagði frá bréfi dagsettu 29. ágúst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem umsóknir um framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (aðgerð C.1 á byggðaáætlun) eru kynntar. Meðfylgjandi eru úthlutunarreglur ráðherra og upplýsingar um skipan valnefndar. Fráfarandi stjórn vísar málinu til nýrrar stjórnar.



- 4.3 Verkefnastjóri sagði frá hluthafafundi Húss handanna þar sem ákveðið var að lækka hlutafé um 90%.
- 4.4 Formaður og verkefnastjóri sögðu frá fundum um annars vegar nýja stofnun um verndarsvæði og hins vegar þjóðgarð á miðhálandinu.
- 4.5 Verkefnastjóri leggur fram til kynningar bréf um að hafin sé 23ja fundaröð mennta- og menningarmálaráðherra til að fylgja eftir niðurstöðum Evrópumíðstöðvar um framkvæmd opinberra stefnu um skóla fyrir alla ásamt umræðu um mótun nýrrar menntastefnu til 2030. Fundir á Austurlandi verða haldnir 22. október á Egilsstöðum og 23. október á Reyðarfirði.
- 4.6 Formaður þakkaði stjórn fyrir gott og gefandi samstarf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Formaður sleit síðasta fundi stjórnarinnar kl. 21:15.